

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Naustahverfis, 2. áfanga, Brekatúni 2.*

Bæjarráð Akureyrarkaupstaðar hefur þann 31. júlí 2008 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulagsbreytingu á Naustahverfi, 2. áfanga á lóð nr. 2 við Brekatún. Breytingin felst í að lóðin Brekatún 2 stækkar um 5 m og að einungis efsta hæð byggingarinnar verði inndregin í stað tveggja efstu hæðanna.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 22. ágúst 2008.*

**Pétur Bolli Jóhannesson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 5. september 2008